Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

# KVIK2KT05
## Kvikmyndasaga grunnur

| Kennari: | Stefán Hannesson (stefanhanness@fsu.is) | Sk.st. | SHA |
|---|---|---|---|

| **Titill** | **Kvikmyndasaga grunnur** |
|---|---|
| **Námsgrein** | Kvikmyndasaga |
| **Viðfangsefni** | Kvikmyndasaga 20. aldar |
| **Skammstöfun** | KVIK2KT05 |
| **Þrep** | 2 |
| **Einingafjöldi** | 5 |
| **Námsgögn** | Kvikmyndafræði fyrir framhaldsskóla e. Arnar Elísson (rafrænt eintak, aðgengilegt á Innu). |
| **Lýsing** | • Í áfanganum verður farið yfir kvikmyndasögu 20. aldar, allt frá upphafi kvikmyndatækninnar undir lok 19. aldar til upphafs 21. aldar. Stiklað verður á stóru í þróun kvikmyndalistarinnar með framleiðslu, markaðssetningu, samfélagsmál og efnistök til hliðsjónar. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnþekkingu á alþjóðlegri kvikmyndasögu þó bandarísk kvikmyndagerð verði fyrirferðamest.<br>• Horft verður á kvikmyndir frá tímabilinu, ýmist í beinum tengslum við lesefnið eða til þess að greina myndirnar sérstaklega.<br>• Námsmat byggist á verkefnum, prófum og mætingu (nánari lýsing neðar í kennsluáætlun).<br>• Námsefni: Rafræn útgáfa lesefnis undir „efni“ á Innu.<br>• Símanotkun er ekki leyfð í kennslustundum.<br>• Athugið að ekki er tekið við skilaboðum í gegnum Facebook, einungis Innu eða í tölvupósti. |
| **Forkröfur** | UMHV1SU05 eða ÍSLE2OS05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á eftirfarandi atriðum varðandi kvikmyndasögu 20. aldar:**<br>• Upphaf og þróun kvikmyndatækninnar<br>• Upphaf og þróun kvikmyndaframleiðslu í Hollywood<br>• Kvikmyndaframleiðsla í Evrópu<br>• Kvikmyndir og sagnfræði: Hvernig kvikmyndirnar endurspegla samfélagsgerð og aðstæður samtímans<br>• Þær kvikmyndir sem standa upp úr í kvikmyndasögunni<br>• Áhrifamestu leikstjórarnir<br>• Kvikmyndagerð minnihlutahópa |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• Greina kvikmyndir og átta sig á því hvernig sögur eru sagðar á myndrænan hátt (lesa í myndmálið) |

| | |
|---|---|
| | • Greina þau tæknibrögð sem gera það að verkum að hámark í söguþræði kvikmyndar virkar (klipping, lýsing, búningar, hljóð o.fl.)<br>• Greina mismunandi kvikmyndastíl |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• Að greina kvikmyndir og fjalla um þær á gagnrýninn hátt<br>• Koma auga á þá þætti kvikmyndalistarinnar sem hinn almenni áhorfandi gerir sér ekki grein fyrir<br>• Vinna með kvikmyndasöguna á þverfaglegan hátt (t.d. með félags- og sagnfræði til hliðsjónar) |
| **Námsmat** | **Símat:**<br>• Próf úr kennslubók áfangans (45%): Hvert próf gildir 8%, nema Próf 2 sem gildir 5%.<br>• Verkefnavinna í lok hvers kafla (35%): Hvert verkefni gildir 5%.<br>• Lokaverkefni (15%).<br>• Mæting og virkni (5%): Umræður skipa stóran sess í kennslu áfangans og því verður lögð áhersla á að nemendur mæti í tíma, horfi á þær kvikmyndir sem sýndar verða og taki virkan þátt í umræðum. Athugið að nemendur sem gera mætingarsamning fá D ekki metin í þessum einkunnaþætti, einungis M. |

# VINNUÁÆTLUN HAUSTÖNN 2024

| **Dags.** | **Viðfangsefni** | **Verkefni og skil** |
|---|---|---|
| 20.-23. ágúst | Kynning áfangans. Kafli: Hvað er kvikmyndafræði? | Verkefni 1 |
| 26.-30. ágúst | Hvað er kvikmynd? | Verkefni 2 |
| 2.-6. september | Sjöunda listgreinin | Próf 1 (bls. 4-31) og verkefni 3 |
| 9.-13. september<br>Nýnemaferð 10. sept. | Sjöunda listgreinin | Próf 2 (bls. 32-44) |
| 16.-20. september | Upphaf kvikmyndarinnar | |
| 23.-27. september | Upphaf kvikmyndarinnar | Verkefni 4 |
| 30. sept.-4. okt. | Upphaf kvikmyndarinnar | Próf 3 (bls. 45-68) |
| 7.-11. október<br>Valdagur 9. okt. | Þýskur expressjónismi | |
| 14.-18. október<br>Haustfrí 17.-18. okt. | Þýskur expressjónismi | Verkefni 5 |
| 21.-25. október | Þýskur expressjónismi | Próf 4 (bls. 69-93) |
| 28. okt.-1. nóv. | Sovéska myndfléttan | |
| 4.-8. nóvember | Sovéska myndfléttan | Verkefni 6 |
| 11.-15. nóvember | Sovéska myndfléttan | Próf 5 (bls. 94-118) |
| 18.-22. nóvember | Ítalska nýraunsæið | Verkefni 7 |
| 25.-29. nóvember | Ítalska nýraunsæið | Próf 6 (bls. 119-134) |
| 2.-6. desember<br>Dimisjón 6. des. | Lokaverkefni | Lokaverkefni |
| 9.-11. desember<br>Síðasti kennsludagur 11. desember | Lokaverkefni | Lokaverkefni skilað |

**Með fyrirvara um breytingar.**

**Selfossi, 15. ágúst 2024**

**Stefán Hannesson.**